



# Ritun og tjáning

ÍSLE3RT05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Námsáætlun vorönn 2025

---

## Kennarar

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR), Jón Özur Snorrason (JÖZ) og Stefán Hannesson (SHA)

## Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit svo eitthvað sé nefnt. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Lesin verður kjörbók af lista frá kennara og unnin ritgerð úr henni. Að auki er lesin stutt skáldsaga sem er nýtt í skapandi skrif. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli.

## Markmið áfangans:

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringu kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýnninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

**Námsefni:**

Bókin *DEUS* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur. Fæst hjá Forlaginu.

Efni frá kennara.

**Námsmat**

**Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.**

Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum áfangans á tilsettum tíma. Til að standast áfangann þarf að skila þeim fjórum verkefnum sem gilda mest (smásaga, kjörbókarritgerð, ljóðavinna og lokaverkefni).

Námsmat skiptist þannig:

- 5% ÉG ER
- 10% Skapandi skrif
- 10% Handritavinna
- 15% Smáar sögur
- 10% Ljóð/lýrík
- 10% Kvikmyndaverkefni
- 15% Ritgerðarvinna
- 20% Lokaverkefni
- 5% Munnlegt próf

**Kröfur og verkefnaskil**

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilaboxi er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnið sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.



## Vinnuáætlun – vorönn 2025

| Dags.                                                              | Viðfangsefni                                                                                                                                                                                                                                                         |
|--------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 13. - 17. jan                                                      | Kynning á áfanganum. <b>Upphitunarverkefni.</b><br><i>Athugið að tjáning er sem rauður þráður alla önnina í tengslum við öll verkefni. Tjáning verður með fjölbreyttum hætti.</i><br><i>Einnig verða KVEIKJUR af og til alla önnina. Útskýrt vel í kennslustund.</i> |
| 20. - 24. jan                                                      | <b>Skapandi skrif. Ritunarverkefni.</b><br>Fjallað um handritavinna, persónusköpun og fleira.                                                                                                                                                                        |
| 27. - 31. jan                                                      | Skapandi skrif, framhald.<br><b>Velja kjörbók af lista kennara.</b>                                                                                                                                                                                                  |
| 3. - 7. feb                                                        | <b>Handritavinna.</b>                                                                                                                                                                                                                                                |
| 10. - 14. feb<br>Vorfrí fös<br>Miðannarmat                         |                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 17. - 21. feb                                                      | <b>Smásögur.</b>                                                                                                                                                                                                                                                     |
| 24. - 28. feb                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 3. - 7. mars<br>Áfangamessa mið                                    | <b>Ljóð/lýrik.</b>                                                                                                                                                                                                                                                   |
| 10. - 14. mars<br>Valdagur mið                                     | <i>Skila verkefninu KVEIKJUR ... unnið er áfram með kveikjur út önnina.</i>                                                                                                                                                                                          |
| 17. - 21. mars<br>Kátir dagar og<br>Flóafár                        | <b>DEUS - ritgerðarvinna.</b>                                                                                                                                                                                                                                        |
| 24. - 28. mars                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 31.mars - 4. apríl                                                 | <b>Kvikmyndaverkefni.</b>                                                                                                                                                                                                                                            |
| 7. - 11. apríl                                                     | <b>Lokaverkefni</b> kynnt og vinna við það hefst.                                                                                                                                                                                                                    |
| 14. - 18. apríl                                                    | <b>PÁSKAFRÍ</b>                                                                                                                                                                                                                                                      |
| 22. - 25. apríl<br>Kennsla byrjar á þri<br>Sumardagurinn<br>fyrsti | Lokaverkefni unnið áfram.                                                                                                                                                                                                                                            |
| 28.apríl - 2.maí<br>1.maí                                          | Lokaverkefni, umræður og vinna.                                                                                                                                                                                                                                      |
| 5. - 9. maí                                                        | <b>Munnleg próf (skil á Lokaverkefni).</b><br>Kynningar á lokaverkefni í kennslustundum. Lokaverkefni fullunnið.                                                                                                                                                     |
| 12. - 16. maí<br>Námsmat byrjar á<br>fös                           | <b>Munnleg próf (skil á Lokaverkefni).</b><br>Skráp.                                                                                                                                                                                                                 |

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar Með fyrirvara um breytingar,  
12. janúar 2025, Íslenskukennarar